

**EFNISTAKA VESTAN ÖLFUSÁRÓSS,  
Í LANDI HRAUNS Í ÖLFUSI,  
SVEITARFÉLAGINU ÖLFUSI**

**Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum**

**HELSTU NIÐURSTÖÐUR**

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Bólta ehf., f.h. Hraunsbænda, sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005. Matsskýrsla framkvæmdaraðila byggði á auglýstri frummatsskýrslu, umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu framkvæmdaraðila til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla framkvæmdaraðila hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð umhverfisáhrif efnistöku vestan Ölfusáróss felist helst í varanlegri röskun í Leitahrauni vegna grjótnáms, en hraunið nýtur verndar skv. lögum um náttúruvernd. Hins vegar liggur fyrir álit sérfræðings um að ekki sé tilefni til þess að friða hraunið, þar sem grjótnám fer fram og að áætluð stærð efnistökusvæðisins verður lítið miðað við flatarmál Leitahrauns alls. Ummerki eftir grjótnámið verða því á takmörkuðum hluta hraunsins. Skipulagsstofnun telur því að neikvæð áhrif efnistökkunnar á hraunið verði ekki veruleg. Þá verða neikvæð áhrif á fornleifar að því leyti, að fjarlægja þarf eina vörðu í Leitahrauni. Fyrir liggur að það verður gert í samráði við Fornleifavernd ríkisins og einnig verði stofnunin höfð með í ráðum varðandi varðveislu annarra varða á svæðinu.

Skipulagsstofnun telur að hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið sé háð verktilhögun og mótvægisáðgerðum, sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og eftirliti með þeim.

---

1	INNGANGUR.....	3
1.1	Athugun Skipulagsstofnunar .....	3
1.2	Gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar .....	3
2	FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ .....	4
3	NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM.....	4
3.1	Áhrif á menn og samfélag .....	4
3.1.1	Landslag og sjónræn áhrif .....	4
3.1.2	Áhrif á útivist, landnotkun og samfélag .....	5
3.1.3	Áhrif á hljóðvist .....	6
3.1.4	Áhrif á loftgæði.....	6
3.2	ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR.....	7
3.3	ÁHRIF Á NÁTTÚRUFAR .....	7
3.3.1	Áhrif á gróður og fuglalíf .....	7
3.3.2	Áhrif á vatnafar .....	8
3.3.3	Áhrif á jarðmyndanir .....	9
3.4	Staða skipulags og leyfisveitinga.....	10
4	NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR.....	10

## 1 INNGANGUR

### 1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 23. september 2009 sendi Bölti ehf., f.h. Hraunsbænda, frummatsskýrslu um efnistöku vestan Ölfusáróss, í landi Hrauns í Ölfusi, í Sveitarfélaginu Ölfusi til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 29. september 2009 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 29. september til 12. nóvember 2009 á Bókasafni Þorlákshafnar, í Þjóðarþóklöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: [www.boelti.is](http://www.boelti.is). Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Sveitarfélagsins Ölfuss, Fiskistofu (lax- og silungsveiðisviðs), Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Landgræðslunnar, Siglingastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar. Á kynningartíma barst Skipulagsstofnun engin athugasemd. Skipulagsstofnun sendi umsagnirnar til Bólta ehf.

Þann 24. nóvember 2009 sendi Bölti ehf., f.h. Hraunsbænda, matsskýrslu um efnistöku vestan Ölfusáróss í landi Hrauns í Ölfusi í Sveitarfélaginu Ölfusi til Skipulagsstofnunar og óskað eftir álitum stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

### 1.2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

**Frummatsskýrsla.** Efnistaka vestan Ölfusáróss í landi Hrauns í Ölfusi. 22. september 2009.

**Önnur gögn:** Eftirfarandi sérfræðiskýrslur voru sem fylgiskjöl:

Bjarni F. Einarsson, 2009. *Fornleifaskráning vegna náma í landi Hrauns í Ölfusi, Árnassýslu.*

Ólafur Einarsson og Jóhann Óli Hilmarsson, 2009. *Fuglar, spendýr og gróður á námusvæðum í landi Hrauns í Ölfusi.*

Páll Imsland, 2009. *Fjörusandnáman á Óseyrantanga, foksandsnáman á Hraunskaiði og grjótnáman á hrauni. Greinargerð fyrir jarðfræðilegum aðstæðum vegna umhverfismats.*

#### **Umsagnir bárust frá:**

- Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 12. október 2009.
- Fiskistofu (lax- og silungsveiðisviði) með bréfi dags. 29. september 2009.
- Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 16. október 2009.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 20. október 2009.
- Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 5. október 2009.
- Siglingastofnun Íslands með bréfi dags. 20. október 2009.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 19. október 2009.
- Vegagerðinni með bréfum dags. 6. október og 22. október 2009.

#### **Athugasemdir bárust frá:**

Engin athugasemd barst á kynningartíma.

**Matsskýrsla:** Efnistaka vestan Ölfusáróss í landi Hrauns í Ölfusi. 23. nóvember 2009.

## 2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Samkvæmt matsskýrslu hefur efnistaka vestan Ölfusáróss, í landi Hrauns í Ölfusi, verið stunduð allt frá árinu 1960. Efnistökusvæðin eru staðsett við Eyrarbakkaveg (34). Um er að ræða sandnám úr fjörukambinum á Óseyrartanga (efnistökusvæði 1) og Hraunsskeiði (efnistökusvæði 3) og grjótnám í Leitahrauni, norðan við Eyrarbakkaveg (efnistökusvæði 5), á móts við vestara sandnámið. Samtals verði efnistökusvæðin 45 ha að stærð og stefnt er að því að vinna úr þeim 26.000 m<sup>3</sup> efnis á ári eða alls 550.000 m<sup>3</sup> á 20-25 ára tímabili.

**Efnistökusvæði 1** er staðsett yst á Óseyrartanga og hefur verið í notkun síðan árið 1974. Nú er efnistökusvæðið 3,6 ha að stærð, en fullnýtt mun vinnslan ná yfir 5 ha svæði. Gert er ráð fyrir að næstu 20 árin verði árleg efnistaka 2.000 m<sup>3</sup>, samtals 40.000 m<sup>3</sup>.

**Efnistökusvæði 3** er á Hraunsskeiði og hefur verið í notkun síðan árið 1960. Nú er efnistökusvæðið 4,8 ha að stærð, en fullnýtt mun vinnslan ná yfir 25 ha svæði. Gert er ráð fyrir að næstu 25 árin verði árleg efnistaka um 18.000 m<sup>3</sup>, samtals 360.000 m<sup>3</sup>.

**Efnistökusvæði 5**, er grjótnáma í Leitahrauni upp af Eyrarbakkavegi, sem var opnuð árið 1986. Nú er efnistökusvæðið 5 ha, en fullnýtt mun vinnslan ná yfir 15 ha svæði. Gert er ráð fyrir að næstu 25 árin verði árleg efnistaka um 6.000 m<sup>3</sup>, samtals 150.000 m<sup>3</sup>.

Í matsskýrslu er greint frá því að tilgangur framkvæmdanna sé að halda áfram áratugalangri efnistöku til sölu á sandi og grjóti, aðallega á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Auk þess tengist efnistakan uppgræðslu á svæðinu.

## 3 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

### 3.1 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

#### 3.1.1 Landslag og sjónræn áhrif

Samkvæmt matsskýrslu er land við efnistökuastaði flatt. Á Hraunsskeiði er sandfjara með foksandshólum, sem eru grónir melgresi og utan við fjöruna, austan til, er skerjagarður (Hásteinar), sem er sýnilegur á fjöru. Upp frá ströndinni er uppgræddur sandur og síðan tekur við tiltöluleg slétt og gróið hraun, sem nær að fjallsrótum í 7-8 km fjarlægð frá sjó. Helstu einkenni svæðisins eru Ölfusárós, Óseyrartangi og leirur innan við hann. Austast á framkvæmdasvæðinu er Óseyrabrú, sem liggur yfir ós Ölfusár og um framkvæmdasvæðið liggja Eyrarbakkavegur, reiðleiðir og háspennulínur (tréstaumar).

Fram kemur að efnistaka á Óseyrartanga (efnistökusvæði 1) sé tilfallandi og sjór fylli gryfjuna með sandi, jafnóðum og efni sé tekið. Ekki sé gert ráð fyrir að gengið verði frá efnistökusvæðinu að framkvæmdum loknum. Vegfarendur um Eyrarbakkaveg sjái lítið til efnistökusvæðisins, því melkollar skyggi á það og veiðimenn í innanverðum ós Ölfusár sjái ekki efnistökusvæðið. Hins vegar sé efnistökusvæðið sýnilegt frá enda Óseyrabrúar og frá veitingastaðnum Hafíð Bláa, en tekið sé tillit til þessara aðila með því að taka ekki efni þar um helgar.

Fram kemur að melgresishólar á Hraunsskeiði skyggi að nokkru leyti á efnistökusvæði 3, sem sé ekki áberandi þegar horft sé frá Eyrarbakkavegi. Syðst á efnistökusvæðinu sé einnig melgresiskambur og liggja reiðleiðir í fjörunni neðan við

hann. Sandfok sé á efnistökusvæðinu og svæðið sé að miklu leyti grætt upp jafnóðum og það er unnið.

Fram kemur að gestir og útivistarfolk eigi ekki leið um efnistökusvæði 5 í Leitahrauni. Grjót sé unnið niður á 1-4 m dýpi og gryfjan sjáist ekki frá Eyrarbakkegi. Þegar gengið verði frá efnistökusvæðinu að framkvæmdum loknum verði allt laust efni á botni gryfjunnar unnið eða flutt burt, veggir hennar látnir halda sér og botninn grófjafnaður. Þá verði svæðið grætt upp með þeim gróðri, sem fyrir er á nærliggjandi svæði.

Fram kemur að efnistakan muni litlu eða engu breyta um útlit eða útsýni svæðisins fyrir vegfarendur, gesti eða útivistarfolk. Sandfok og uppgræðsla breyti hins vegar útliti svæðisins. Mótvægisáðgerðir felist í uppgræðslu efnistökusvæða 3 og 5, þannig að þau falli sem eðlilegast að umhverfi sínu. Áhersla verði lögð á góða umgengni á framkvæmdartíma og muni áhrif framkvæmdanna á landslag og sjónræn áhrif verða óveruleg og að mestu tímabundin.

Umhverfisstofnun telur að sjónræn áhrif fyrirhugaðrar efnistöku verði lítil. Við frágang grjótnáunnar ætti að leggja áherslu á að skilja eftir samfelldan og nokkuð sléttan námubotn.

**Skipulagsstofnun** telur umfjöllun framkvæmdaraðila um landslag og sjónræn áhrif framkvæmdarinnar fullnægjandi. Stofnunin telur að neikvæð áhrif efnistökkunnar á þá þætti verði ekki veruleg, en áhrifin verði þó varanleg vegna efnistökkunnar í Leitahrauni. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun um að þegar grjótnámi í Leitahrauni ljúki skuli bæta ásýnd svæðisins með því að jafna og slétta botn gryfjunnar.

### 3.1.2 Áhrif á útivist, landnotkun og samfélag

Í matsskýrslu kemur fram að síðan vegurinn um Óseyrartangann var lagður hafi tanginn hækkað, sem bendi til þess að meira efni berist að honum en frá sé tekið. Á undanförunum árum hafi verið tekið um 1.500 m<sup>3</sup> af sandi af efnistökusvæði 1 og gert sé ráð fyrir að þaðan verði tekið allt að 2.000 m<sup>3</sup> af efni árlega. Ekki sé tilefni til þess að ætla að aukin efnistaka leiði til þess að Óseyrartangi hverfi. Ef til þess komi að breytingar verði á strönd tangans, verði efnistöku hætt áður en mannvirki á svæðinu verði í hættu (Óseyrarbrú, Eyrarbakkegi, Veitingastaðurinn Hafið Bláa og háspennulínur). Fram kemur að efnistakan muni ekki rýra núverandi landnýtingu.

Fram kemur að framkvæmdin falli að skipulagsmarkmiðum Sveitarfélagsins Ölfuss, um að heimamenn nýti náttúruauðlind sveitarfélagsins til mannvirkjagerðar og tekjur verða til fyrir sveitarfélagið. Þá sé mikilvægt að sveitarfélagið hafi gott aðgengi að efni í brim- og vatnsvarnargarða og efni til grjóthleðslu, til að viðhalda fornu handverki. Í heild verði samfélagsleg áhrif framkvæmda verulega jákvæð.

Í umsögn Siglingastofnunar Íslands við frummatsskýrslu kemur fram að framkvæmdaraðili geri ráð fyrir að efnistaka við ósa Ölfusár (efnistökusvæði 1) verði aukin um 25% (allt að 2.000 m<sup>3</sup>). Mótvægisáðgerðir geri ráð fyrir hóflegri efnistöku og aðgát varðandi breytingar á strandlínu. Við það geri Siglingastofnun ekki athugasemdir.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að samkvæmt frummatsskýrslu verði efnistaka hófleg við ósa Ölfusár og svæðið endurnýist. Miðað við þær forsendur geri Vegagerðin ekki athugasemdir við efnistöku þar með tilliti til öryggis Eyrarbakkegi og brúarinnar yfir Ölfusárós. Bendir Vegagerðin á að gera þurfi

lagfæringar á vegtengingum að efnistökusvæðum til að tryggja öryggi vegfarenda um Eyrarbakkeveg.

Í matsskýrslu kemur fram að framkvæmdaraðili og fulltrúi Vegagerðarinnar hafi farið yfir ofangreindar athugasemdir og skoðað aðstæður. Hafi verið sammælt um að hækka skuli tengingu vestasta námuslóðans við Eyrarbakkeveg (34). Ekki þurfi að gera breytingu á staðsetningu vegtenginga.

**Skipulagsstofnun** telur að fjallað sé á fullnægjandi hátt um samfélagsleg áhrif framkvæmdarinnar á útivist, landnotkun og samfélag og telur að neikvæð áhrif efnistökkunnar á þá þætti verði ekki veruleg. Fyrir liggur að á efnistökusvæði 1, við Ölfusárós, fer efnistaka ekki fram um helgar, til að draga úr neikvæðum áhrifum vinnslunnar fyrir útivistarfólk og gesti veitingastaðarins Hafið bláa. Gera má ráð fyrir að það fyrirkomulag verði viðhaft í framtíðinni, eða a.m.k. meðan veitingastaðurinn verður í rekstri og eignarhald hans verður tengt framkvæmdaraðila. Jafnframt liggur fyrir að efnistaka verði ekki umfram endurnýjun lands við ósa Ölfusár. Framkvæmdaraðili mun tryggja það með því að fylgjast með landmótun við ósinn og hætta efnistöku ef breyting á strönd tangans þróast í þá átt að það ógni mannvirkjum á svæðinu. Þannig verði fyrirvarar Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar Íslands uppfylltir og tryggt að efnistakan hafi ekki áhrif á Óseyrarbrú eða önnur mannvirki á svæðinu.

### 3.1.3 Áhrif á hljóðvist

Samkvæmt matsskýrslu einkennir sjávarniður ströndina við efnistökusvæði 1 og 3. Umferðarniður sé frá bílaumferð um Eyrarbakkeveg, en árdagsmeðalumferð um veginn var 1.067 bílar árið 2008. Sprengingar vegna grjótnáms á efnistökusvæði 5 verði innan við 10 á ári, en gætu orðið fleiri ef til komi stór verk. Á svæðinu öllu séu notuð 2-3 ámoksturstæki við vinnslu á efni og flutningabílar fari 5-6 ferðir á dag. Akstur flutningabíllanna verði einungis lítið brot af umferð um Eyrarbakkeveg.

Fram kemur að vegna tillitssemi við veiðimenn við Ölfusárós og gesti veitingastaðarins Hafið blá, sé ekki unnið á efnistökusvæði 1 um helgar. Æfingasvæði Skotíþróttafélags Suðurlands sé vestan við efnistökusvæði 5, í um 600 m fjarlægð, sem skapi ónæði. Íbúðabyggð sé í rúmlega 2 km fjarlægð frá efnistökusvæði 5 og rúma 3 km frá efnistökusvæði 3. Þá sé frístundabyggð í rúmlega 1 km fjarlægð frá efnistökusvæði 5 og 2 km frá efnistökusvæði 3. Til samanburðar séu um 160 m frá Eyrarbakkevegi að skipulagðri íbúðabyggð á Eyrarbakka. Fram kemur að vinnuvélar verði ekki hafðar í gangi nema meðan á mokstri standi. Gera megi ráð fyrir að áhrif vegna hávaða vegna efnistökkunnar verði langt innan þeirra marka, sem tilgreind séu í reglugerð um hávaða. Áhrif framkvæmda á hljóðvist verði því óveruleg.

**Skipulagsstofnun** telur að fjallað sé á fullnægjandi hátt um áhrif framkvæmdanna á hljóðvist og telur að neikvæð áhrif efnistökkunnar á hljóðvist verði ekki veruleg.

### 3.1.4 Áhrif á loftgæði

Í matsskýrslu kemur fram að ferskt sjávarloft einkenni aðstæður á Hraunsskeiði og Óseyrantanga (efnistökusvæði 1 og 3). Sandfok sé á svæðinu, en lítil rykmengun muni stafa af efnistökkunni sjálfri. Útblástursmengun sé frá umferð um Eyrarbakkeveg, sem sé innan marka sem um hana er sett. Mælingar á mengun liggja þó ekki fyrir, en gert ráð fyrir að engu breyti þó við bætist útblástur frá flutningabílum vegna framkvæmdanna og tveimur ámokstursvélum, sem verði ekki hafðar í gangi nema meðan á vinnu við efnistöku standi. Miðað við mælingar annars staðar frá sé

gengið út frá því að loftmengun á svæðinu verði langt undir þeim mörkum sem sett séu í reglugerðum. Efnistakan muni ekki leiða til aukinnar loftmengunar umfram það sem nú sé og áhrif hennar á loftgæði verði óveruleg.

**Skipulagsstofnun** telur að fjallað sé á fullnægjandi hátt um áhrif framkvæmdanna á loftgæði og telur að neikvæð áhrif efnistöku á loftgæði verði ekki veruleg.

### 3.2 ÁHRIF Á MENNINGARMINJAR

Í matsskýrslu kemur fram að á efnistökusvæði 5 sé forn þjóðleið, sem legið hafi yfir hraunið frá bænum Hrauni og að Þorlákshöfn. Leiðin sé lítið sýnileg og grjótnám á svæðinu hafi rofið hana. Innan áhrifasvæðis efnistökusvæðisins séu tvær vörður og eitt vörðubrot. Þjóðleiðin í heild sinni sé talin hafa talsvert minja- og varðveislugildi, en einstakar vörður hafi lítið gildi. Fram kemur að vörðurnar verði varðveittar, ásamt a.m.k. 15 m svæði út frá þeim, en gert sé ráð fyrir að vörðubrotið víki og einnig hluti þjóðleidarinnar. Verði það gert í samráði við Fornleifavernd ríkisins og stofnuninni gert viðvart komi frekari fornleifar í ljós meðan á framkvæmdum standi. Áhrif framkvæmdanna á fornleifar verði óveruleg.

Fornleifaverndar ríkisins bendir á í umsögn sinni um frummatsskýrslu, að nærri efnistökusvæði 1 hafi ferja verið á Ölfusá, við stað sem kallaðist Eyri eða Óseyrarnes. Minnt er á ákvæði 13. gr. þjóðminjalaga um að ef áður ókunnar fornleifar finnast við verkframkvæmdir, beri að stöðva þær og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins. Fornleifavernd ríkisins fellst á mótvægisáðgerðir, sem lagðar eru til í matsskýrslu varðandi fornar vörður við efnistökusvæði 5 í Leitahrauni.

**Skipulagsstofnun** telur að fjallað sé á fullnægjandi hátt um áhrif framkvæmdanna á fornleifar. Ljóst er að fjarlægja þarf eina vörðu í Leitahrauni, en að aðrar vörður á svæðinu verða varðveittar og setja á a.m.k. 15 m helgunarsvæði umhverfis þær. Fyrir liggur að vörður á svæðinu hafa lítið minja- og varðveislugildi. Framkvæmdaraðili mun hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins og m.a. leita leyfis hjá stofnuninni til að fella vörðuna. Skipulagsstofnun tekur undir með Fornleifavernd ríkisins að framkvæmdaraðila ber að fara að þjóðminjalögum ef fornt ferjustæði við Ölfusárós kemur í ljós vegna efnistöku. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif efnistöku á fornleifar verði ekki veruleg.

### 3.3 ÁHRIF Á NÁTTÚRUFAR

#### 3.3.1 Áhrif á gróður og fuglalíf

Í matsskýrslu kemur fram að á svæðinu sé fábreyttur gróður og að hvorki hafi fundist sjaldgæfar tegundir, né plöntur á valista.

Fram kemur að efnistökusvæði 1, við Óseyrartanga, sé neðan vaxtalínu melgresis og á gróðurlausu svæði. Gróður umhverfis sé fábreyttur bersvæðisgróður, þ.e. gróður sem vex á melum og söndum og þar hafi fundist fimm tegundir plantna. Ofan fjörumarka hafi melgresi verið mest áberandi en í fjöru hafi fundist þrjár dæmigerðar fjöruplöntur (blálilja, fjörukál og fjöruarfi).

Fram kemur að efnistökusvæði 3, á Hraunsskeiði, sé í melgresiskambi og þar sé sandur á hreyfingu, vegna vinds. Þar við hafi fundist 23 tegundir háplantna, aðallega bersvæðisgróður. Melgresi sé mest áberandi á svæðinu.

Fram kemur að við efnistökusvæði 5, í Leitahrauni, hafi fundist 34 plöntutegundir. Alaskalúpína sé einkennandi fyrir svæðið og blávingull nokkuð áberandi. Einnig vaxi

þar melgresi og snarrótarpuntur í flekkjum og þar sé að finna krækilyng og víðitegundir. Á blettum sé mosi og hraungambri ríkjandi, með allt að 100% þekju.

Fram kemur að frá árinu 1969 hafi bændur á Hrauni séð um landgræðslu í sínu landi, í samstarfi við Landgræðslu ríkisins. Ólíklegt sé að fyrirhuguð efnistaka muni skemma árangur uppgræðslu og áburðargjöf undanfarinna áratuga. Áhrif framkvæmda á gróðurfar verði því óveruleg.

Í matsskýrslu kemur fram að efnistökusvæði 1, við Óseyrartanga, sé innan marka mikilvægs fuglasvæðis, svokallaðs Ósasvæðis Ölfusár. Á sjálfu efnistökuusvæðinu sé lítið fuglalíf, en mikið fuglalíf sé við ósinn, einkum innan við Hásteina og innan við Óseyrartanga. Einsleitt fuglalíf sé við efnistökusvæði 5, í Leitahrauni, en þar hafi fundist varpfuglar heiðlóu, spóa, þúfutittlings, maríuerlu og steindepils. Í vegg efnistökusvæðisins hafi sést ummerki um gamlan hrafnslaup. Fábreyttast hafi fuglalíf verið við efnistökusvæði 3, á Hraunsskeiði, en þar hafi fundist varpfuglar sandlóu og maríuerlu. Fram kemur að innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis hafi ekki fundist fuglategundir, sem séu á válista.

Fram kemur að með því að vinna efni af Óseyrartanga (efnistökusvæði 1) á sama hátt og nú sé gert, verði áhrif framkvæmdanna óveruleg á auðugt fuglalíf ósasvæðis Ölfusár. Þá verði fylgst með dýralífi svæðisins eins og verið hefur, en landeigendur og rekstraradili veitingastaðarins Hafsins Bláa þekki dýralíf svæðisins vel. Á heildina lítið muni fyrirhuguð efnistaka hafa óveruleg áhrif á dýralíf.

Í umsögn Umhverfisstofnunar við frummatsskýrslu kemur fram að stofnunin telji að efnistakan muni ekki hafa neikvæð áhrif á fugla- og dýralíf, lífverur á válista, né vistkerfi, sem njóti sérstakrar verndar. Bent er á að þar sem grjótnám í Leitahrauni fari fram, sé hraun slétt og það sandi orpið og allgróið. Bætt umgengni um námuna myndi gagnast uppgræðslu á svæðinu og bæta ásýnd efnistökusvæðisins.

**Skipulagsstofnun** telur að fjallað sé á fullnægjandi hátt um áhrif framkvæmdanna á gróður og dýralíf. Fyrir liggur að á svæðinu fundust engar sjaldgæfar gróður- eða fuglategundir sem eru á válista. Gróður á efnistökusvæðum við Óseyrartanga og á Hraunsskeiði (1 og 3) er fábrotinn og melgresi er þar einkennandi, en gróður er heldur fjölbreyttari í Leitahrauni og einkennist af alaskalúpínu og blávingli. Skipulagsstofnun telur ljóst að neikvæð áhrif á gróður vegna efnistökkunnar verði ekki veruleg. Fyrir liggur að almennt er fuglalíf fábreytt á sjálfum efnistökusvæðunum, en ós Ölfusár er hins vegar mikilvægt fuglasvæði og þar er mikið fuglalíf. Skipulagsstofnun tekur undir álit sérfræðings að ef efnistaka í nágrenni óssins verður eins hingað til, verði neikvæð áhrif á fuglalíf ekki veruleg.

### 3.3.2 Áhrif á vatnafar

Í matsskýrslu kemur fram að efnistökusvæðin eru ekki á vatnsverndarsvæði og engin vatnsból séu á framkvæmdasvæðinu. Grunnvatnsstraumur liggja ofan af Hellisheiði og undir efnistökusvæði til sjávar. Við strönd Hraunsskeiðs sé grunnt á grunnvatn, sem líklega sé saltblandað vegna nálægðar við sjó. Ólíklegt sé að grunnvatnið verði notað sem neysluvatn eða til annarra hluta, sem krefst gæðavatns. Fram kemur að efnistökusvæðið í Leitahrauni sé um það bil 10 m yfir sjávarmáli og núverandi dýpt grjótgrýfjunnar sé um 4 m. Þar sé stutt í grunnvatn og því ekki hægt að vinna dýpra við efnistöku þar en nú sé gert.

Fram kemur að mögulega geti grunnvatn mengast vegna olíu, sem notuð verði á vinnuvélar við efnistökkuna, en líkur á mengunarslysi séu litlar. Olíubíll verði notaður til að fylla á vinnuvélar og lek vinnutæki verði ekki á svæðinu. Viðgerð og viðhald



vinnuvéla verði utan framkvæmdasvæðisins. Fram kemur að olía verði geymd í litlum olfukálfi, en geymsla og meðferð olíu á svæðinu verði samkvæmt settum kröfum. Verði mengunarslys í tengslum við efnistöku muni mengun koma fljótt fram í grunnvatni. Gæði grunnvatnsins sé óþekkt, en ólíklegt sé að í framtíðinni verði vatn unnið innan áhrifasvæðis framkvæmdanna. Því sé ekki ástæða til sérstakrar ráðstafana vegna efnistöku. Ekki sé gert ráð fyrir að mengunarhætta skipist vegna efnistöku og áhrif hennar á vatnafar verði óveruleg.

**Skipulagsstofnun** telur að fjallað sé á fullnægjandi hátt um áhrif framkvæmdanna á vatnafar. Fyrir liggur að engin vatnsból eru á svæðinu og efnistaka fer ekki fram á vatnsverndarsvæði. Skipulagsstofnun telur að áhrif efnistöku á vatnafar verði ekki veruleg.

### 3.3.3 Áhrif á jarðmyndanir

Í matsskýrslu kemur fram að efni í fjörum á Hraunsskeiði sé basaltsandur, sem borist hafi til sjávar með Ölfusá. Hafstraumar flytji sand í fjöruborðinu vestur með landinu og þurrir vindar feyki sandinum og myndi sandhóla á ströndinni. Úti fyrir Ölfusárósi og talsvert vestur fyrir hann sé skerjagarður (Hásteinar), sem sé hluti af Þjórsáhrauninu mikla (vestasta tota þess). Fram kemur að Leitahraun sé gríðarstórt helluhraun, sem þeki u.þ.b. 75 km<sup>2</sup> lands.

Í matsskýrslu kemur fram að ekki sé tilefni til þess að ætla að aukin vinnsla á efnistökusvæði 1 leiði til þess að Óseyrartangi hverfi, því miðað við núverandi vinnslu berist meira efni að tanganum en sem nemi efnistöku. Vinnsla foksands á Hraunsskeiði (efnistökusvæði 3) sé sjálfbær, þó ekki sé ljóst hversu hratt sandhólar endurnýist, ef vinnslu yrði hætt. Sandur sem fjúki inn á efnistökusvæðið sé að mestu leyti unninn jafnóðum og hann berst inn á svæðið og þannig haldi fokið aftur af stækkun efnistökusvæðisins. Fyrirhuguð aukning í efnistöku muni þó stækka svæðið smám saman. Botn efnistökusvæðisins verði græddur upp og það verði ekki sýnilegt í framtíðinni, því gróður muni safna í sig foksandi.

Fram kemur að í fjörunni á Óseyrartanga, við efnistökusvæði 1, sé venjulegur fjörusandur, sem hafi lágt verndargildi, en hann endurnýji sig hratt og ekkert lát sé á framburði hans. Gert sé ráð fyrir að með áætluðum vinnsluhraða á efnistökusvæði 3 muni efni til vinnslu halda áfram að endurnýjast þannig að foksandshólar á Hraunsskeiði verði ekki fyrir meiri áhrifum vinnslunnar umfram það sem nú þegar sé sýnilegt. Efnistökusvæði 5 sé í totu Leitahrauns og stærð þess sé örlítið brot af afar stóru hrauni. Leitahraun sé ekki á náttúruinjasrá og verndargildi hrauntotunnar sé lítið. Áhrifin af efnistöku verði óafturkræf og varanleg. Í heildina verði áhrif efnistöku óveruleg á jarðfræði svæðisins.

Í umsögn Umhverfisstofnunar um frummatsskýrslu kemur fram að stofnunin telur fyrirhugað grjótnám í Leitahrauni muni hafa varanleg áhrif á lítinn hluta hraunsins. Við frágang á gryfjunni að vinnslu lokinn ætti að leggja áherslu á að skilja eftir samfelldan og nokkuð sléttan botn.

**Skipulagsstofnun** telur að fjallað sé á fullnægjandi hátt um áhrif framkvæmdanna á jarðmyndanir svæðisins. Stofnunin telur ljóst að efnistökusvæðin við Óseyrartanga og á Hraunsskeiði (1 og 3) eru í lausum jarðmyndunum þar sem landmótun er stöðugt í gangi, vegna samspils framburðar sands til ósa Ölfusár, flutnings hans með krafti sjávar meðfram ströndinni og foks á þurrum sandi inn á landið. Skipulagsstofnun vill benda á að þó að Leitahraun sé ekki á náttúruinjasrá þá njóta eldhraun og þ.m.t. Leitahraun sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga. Samkvæmt

sérfræðiskýrslu, sem fylgir matsskýrslu, hefur Leitahraun hins vegar engin fágæt eða sérkennileg einkenni og ekki talið tilefni til þess að friða hraunið þar sem grjótnám fer fram. Einnig er ljóst að fyrirhuguð efnistaka kemur til með að skerða einungis 0,15 km<sup>2</sup> af alls 75 km<sup>2</sup> heildarflatarmáli hraunsins og því unnt að líta svo á að neikvæð áhrif á hraunið verði ekki veruleg.

### 3.4 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Í matsskýrslu kemur fram að gert sé ráð fyrir efnistökusvæðum 3 og 5 á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014. Fyrirhuguð efnistaka (rúmmál og flatarmál) sé hins vegar meira en gert sé ráð fyrir í skipulaginu. Efnistökusvæði 1 sé austar á Óseyratanga en sýnt sé á uppdrætti aðalskipulagsins og þar sem skilgreint sé þjónustusvæði samkvæmt skipulaginu (veitingastaðurinn Hafið Bláa). Fram kemur að unnið sé að gerð aðalskipulags Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir tímabilið 2010-2022 og gert sé ráð fyrir að gerðar verði breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins varðandi magn og stærð efnistökusvæða 3 og 5, til samræmis við fyrirhugaða efnistöku, og efnistökusvæði 1 verði komið inn á skipulagið. Þá sé verið að vinna deiliskipulag fyrir efnistökusvæðin.

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna efnistökkunnar bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Efnistakan er ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014.
- Ekki verður hægt að veita leyfi fyrir efnistökkunni fyrr en aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir tímabilið 2010-2022 hefur öðlast gildi.
- Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er gefið út þarf framkvæmdaraðili að leggja fram áætlun um efnistöku í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 44/1999 þar sem gera þarf grein fyrir magni, gerð efnis, vinnslutíma og frágangi efnistökusvæðis.

## 4 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Bölda ehf., f.h. Hraunsbænda, sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005. Matsskýrsla framkvæmdaraðila byggði á auglýstri frummatsskýrslu, umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu framkvæmdaraðila til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla framkvæmdaraðila hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að neikvæð umhverfisáhrif efnistöku vestan Ölfusáróss felist helst í varanlegri röskun í Leitahrauni vegna grjótnáms, en hraunið nýtur verndar skv. lögum um náttúruvernd. Hins vegar liggur fyrir álit sérfræðings um að ekki sé tilefni til þess að friða hraunið, þar sem grjótnám fer fram, og að áætluð stærð efnistökusvæðisins verður lítið miðað við flatarmál Leitahrauns alls. Ummerki eftir grjótnámið verða því á takmörkuðum hluta hraunsins. Skipulagsstofnun telur því að

neikvæð áhrif efnistökkunnar á hraunið verði ekki veruleg. Þá verða neikvæð áhrif á fornleifar að því leyti, að fjarlægja þarf eina vörðu í Leitahrauni, en fyrir liggur að Fornleifavernd ríkisins fellst í umsögn sinni á þær mótvægisáðgerðir, sem lagðar eru til í frummatsskýrslu og felast m.a. í að varðveita á aðrar vörður á svæðinu og að sett verður 15 m helgunarsvæði í kringum þær.

Fyrir liggur að efnistökusvæði við Óseyrartanga og á Hraunsskeiði eru á stöðum þar sem náttúruleg landmótun er stöðugt í gangi og að efnistaka verður ekki umfram það land sem endurnýjast. Jafnframt mun framkvæmdaraðili fylgjast með landmótun við Óseyrartanga og efnistöku verður hætt ef breytingar á strönd tangans þróast í þá átt að það ógni mannvirkjum á svæðinu. Þannig verða fyrirvarar, sem fram koma í umsögnum Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar, uppfylltir og tryggt að efnistakan hafi ekki áhrif á Óseyrarbrú eða önnur mannvirki á svæðinu. Séð frá Eyrarbakkegi eru efnistökusvæðin á sandinum a.m.k. að hluta til í hvarfi fyrir melgresishólum og eru ekki áberandi í hólóttu landslagi sandsins. Fyrir liggur að þar sem efnistökusvæðið í Leitahrauni er grafið niður í slétt hraunið, sést það illa frá Eyrarbakkegi. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun um að þegar grjótnámi í Leitahrauni ljúki eigi að bæta ásýnd svæðisins með því að jafna botn gryfjunnar og gera hann samfelldan og nokkuð sléttan. Í ljósi framangreinds telur Skipulagsstofnun að hvorki verði um verulega neikvæð sjónræn áhrif framkvæmdanna að ræða, né muni hún valda verulega neikvæðum áhrifum á útivist og landnotkun.

Fyrir liggur að á efnistökusvæðum eru engar sjaldgæfar gróðurtegundir, sem eru á válista og fuglalíf er almennt fábreytt sem og gróður. Þó er ós Ölfusár mikilvægt fuglasvæði með miklu fuglalífi en að mati Skipulagsstofnunar verða neikvæð áhrif á fuglalíf þar ekki veruleg ef staðið verði að efnistöku við Óseyrartanga eins og gert hefur verið hingað til. Ljóst er að engin vatnsból eru á framkvæmdasvæðinu og efnistaka fer ekki fram á vatnsverndarsvæði. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif framkvæmdanna á náttúrufar verði ekki veruleg.

Skipulagsstofnun telur að hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið sé háð verktilhögun og mótvægisáðgerðum, sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og eftirliti með þeim.

Reykjavík, 6. janúar 2010.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson